

**Nefndasvið Alþingis  
iðnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

20. nóvember 2003  
Skjalanúmer: 40  
Tilvísun: U20031100011/kg

**Tillaga til þingsályktunar um raforkukostnað fyrirtækja, 8. mál**

Vísað er til erindis iðnaðarnefndar, dags. 31. október sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um raforkukostnað fyrirtækja, 8. mál.

Umhverfisstofnun telur brýnt að gjaldskrár orkuveitna séu opnar og að allt sé gert til þess að kaupendur orkunnar geti gert samanburð á orkuverði og þjónustu hinna ýmsu orkuveitna. Stofnunin bendir á að nú þegar er þróun í þessa átt þar sem með lögum nr. 65/2003 er kveðið á um frjáls raforkuviðskipti. Þar með hafa neytendur (þ.m.t. fyrirtæki) möguleika á að velja seljendur m.a. eftir verði, þjónustu, með tilliti til umhverfismála og fleiri atriða.

Umhverfisstofnun hvetur því til þess að Alþingi samþykki framangreinda þingsályktun.

Virðingarfyllst,

Davíð Egilson  
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður